

Fundargerð aðalfundar Alzheimersamtakanna

Haldinn fimmtudaginn 17. mars 2022 kl. 17.00 í fundarsal samtakanna á 3ju hæð í Lífsgæðasetrinu St.Jó.

1. **Setning fundarins.** Formaður Ragnheiður Ríkharðsdóttir, setti fundinn og lagði til að Sigurjón Þórðarson verði fundarstjóri og Vilborg Gunnarsdóttir, ritari. Samþykkt með lófaklappi

Fundarstjóri tók við og fór yfir boðun fundarins sem var löglegur – auglýsingar sendar félagsmönnum og birtar á samfélagsmiðlum félagsins 14 febrúar og aftur 15. mars 2022

2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður Ragnheiður Ríkharðsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Fram komu m.a. þakkir til starfsmanna fyrir þeirra framlag á þessu stóra ári. Covid hefur aukið álag á starfsmenn, sérstaklega í dagþjálfunum og þá hafa framkvæmdir við flutning í nýtt húsnæði verið all nokkrar. Fundarstjóri þakkaði góða skýrslu en hún er aðgengileg á heimasíðu Alzheimersamtakanna [hér](#).

3. **Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.** Ólína Jónsdóttir, forstöðumaður Maríuhúss flutti skýrslu félagsdeilda fyrir hönd forstöðumanna húsanna. Fram kom m.a. Heldur minni hreyfing hefur verið á skjólstæðingum þetta árið. Þá hefur heimsfaraldurinn sett mark sitt á starfsemina og aukið álag á starfsfólk. Hún hrósaði þeim jafnframt fyrir frábæra framistöðu á erfiðum tímum. Glærur Ólínu frá fundinum má sjá [hér](#).

4. **Ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.** Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fór yfir það helsta í rekstri félagsins og deilda á árinu 2021. Hún sagði að þótt tekjur hafi aukist á milli ára um 35 milljónir en rekstrarniðurstaðan er þó í örlitlum mínus. Hallinn hefði orðið meiri ef ekki hefðu komið til stórir styrkir vegna Seiglnunnar. Launakostnaður eykst m.a. vegna fjölgunar stöðugilda vegna Seiglnunnar en enn hafa ekki komið inn rekstrartekjur vegna Seiglnunnar þrátt fyrir loforð þess efnis frá Fjárlaganefnd Alþingis.

Vilborg sagði það hafa verið sannkallaðan heiður að fá að leiða samtökin í gegnum þetta einstaka ár. Vissulega hafi oft verið mikið að gera og á tímum en að þetta hefur gefið henni mjög mikið.

Að fá að kynnast Oddfellowreglunni og hvernig hún vinnur væri einstakt. Að kynnast þeim sem voru í forsvari fyrir þessu verkefni hafi líka verið forréttindi.

Í verkefnum sem þessum sagði hún nauðsynlegt að hafa gott bakland og það hafi hún svo sannarlega hjá stjórninni og síðast en ekki síst, öllu hennar frábæra starfsfólki bæði í húsunum, Seiglnunni og á skrifstofu.

Starfsmenn eru nú búin að koma sér vel fyrir í Hafnarfirði og hlakki til framtíðarinnar. Starfsemi Seigluunnar skriður af stað og fyrstu skjólstæðingar sem eru jafnóðum að kenna okkur hvað hentar þeim, eru ánægðir.

Fundarstjóri bar því næst reikningana undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

5. **Lagabreytingar.** Tillaga að lagabreytingum hafði verið kynnt fyrir fundinn en um var að ræða smávægilega breytingu sem laut að samræmingu á breytingu um tímasetningu aðalfundar og frests til skila að tillögu að lagabreytingum. Tillagan var samþykkt einfóma. Lög samtakanna má finna á [heimasíðu](#) samtakanna.

6. **Kosning stjórnar.**

Kjör formanns. Ragnheiður Ríkharðsdóttir gaf kost á sér sem formaður til 1 árs og var það samþykkt með lófaklappi.

Kjör annarra stjórnarmanna.

Árni Sverrisson og Guðbjörg Alfreðsdóttir voru kjörin síðast til 2ja ára

Sigurjón Þórðarson og Ragnheiður Elín Árnadóttir gefa kost á sér sem aðalmenn til næstu tveggja ára

Brynjólfur Bjarnason og Ragnhildur Sverrisdóttir gefa kost á sér í varastjórn til eins árs. Ragnhildi sem kemur ný að stjórn kynnti sig fyrir fundarmönnum.

Samþykkt með lófaklappi.

Fríða Proppé gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu en hún hefur setið í stjórn frá 2017. Var henni þakkað framlag til samtakanna síðustu árin.

Formaður Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók til máls og þakkaði það traust sem henni er sýnt með kjörinu. Fór hún yfir og minntist á hversu gefandi og gaman það er að starfa í stjórn samtakanna. Þakkaði hún stjórn samstarfið og starfsmönnum óeigingjarnt framlag á árinu.

7. **Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.**

Kristinn Jörundsson og Ragna Þóra Ragnarsdóttir gefa kost á sér áfram og samþykkti fundurinn kjör þeirra.

8. **Ákvörðun um árgjald.**

Tillaga um óbreytt árgjald kr. 3.000 var samþykkt.

9. **Önnur mál.**